



Reglur um hlífðar-, vinnu- og einkennisfatnað í Flóahreppi

Eftirfarandi reglur eru efnislega í samræmi við gildandi kjarasamningum starfsmanna sveitarfélagsins.

1. gr.

Fatnaður er lagður til af stofnunum eða deildum sveitarfélagsins í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga.

2. gr.

Starfsfólk sem sinnir vinnu við gæslu eða annað utandyra skulu hafa aðgang að viðeigandi hlífðarfatnaði, s.s. úlpu, vetrarbuxum, regnjakka og regnbuxum. Allur útifatnaður skal vera auðkenndur og merktur stofnun sveitarfélagsins. Forstöðumenn stofnana sveitarfélagsins skulu ákveða þörf og gera áætlun um endurnýjun fatnaðar og þrif þeirra.

3. gr.

Öll einkanotkun á hlífðarfatnaði sveitarfélagsins eru óheimil og skal fatnaður alla jafna geymdur á vinnustað utan vinnutíma starfsfólks.

4. gr.

Starfsfólk sem rétt eiga á vinnufatnaði samkvæmt ákvæðum kjarasamnings, s.s. starfsfólk leikskóla og grunnskóla, skólaliðar, stuðningsfulltrúar o.fl., skulu fá greiddan fatastyrk eftir kvittun, einu sinni á ári, fyrir viðeigandi vinnufatnaði skv. kjarasamningi. Viðeigandi vinnufatnaður er sem dæmi: peysa/jakki, skyrti, bolur eða íþróttagalli. Skila skal kvittun til yfirmanna stofnana sveitarfélagsins. Hámarksfjárhæð fatastyrks hjá sveitarfélaginu er **20.000** kr. og miðast skal við almanaksárið.

5. gr.

Starfsfólk á fasteignasviði skal fá viðeigandi merktan hlífðar- og vinnufatnað auðkenndan sveitarfélaginu í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga. Öryggisfatnað ber að útvega starfsfólki eftir kröfum Vinnueftirlits ríkisins, skal sá fatnaður auðkenndur sveitarfélaginu.

6. gr.

Starfsfólk skal fara vel með fatnað sem þeim hefur verið úthlutað og gæta að umhirðu hans.

7. gr.

Við starfslok ber starfsfólki að skila fatnaði sem úthlutað hefur verið sbr. 2., 5. og 6. lið reglna þessara.

Forstöðumenn stofnana sveitarfélagsins skulu halda skrá um hlífðarfatnað og skil hans við starfslok.

*Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps xx. febrúar 2026
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*